

MOSEY ehf.  
Cuxhavengata 1  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 9. nóvember 2023  
UST202209-239/H.I.I.  
07.06.02

## **Niðurstaða eftirlits með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokkum 2 og 4 - Kröfur um úrbætur**

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar, dags. 27.9.2022, þar sem tilkynnt var um eftirlit með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokkum 2 (sótthreinsiefni og þörungaeýðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr) og 4 (vörur til sótthreinsunar á svæðum fyrir matvæli og fóður), sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag. Stofnunin vísar jafnframt til bréfs, dags. 25.9.2023, þar sem tilkynnt var um eftirlit með sæfivörum sem eftirfylgni af eftirlitsferð síðasta árs.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi, merkingar og 95 listann, sbr. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og skilyrði um merkingar, sbr. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Eftirfarandi vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar hjá fyrirtækinu:

- Tveir í einum
- Myglueyðir
- Mygluhreinsir fyrir þvottavélar

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um markaðsleyfi og merkingar, sbr. 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 32. gr.

**Umhverfisstofnun veitir Mosey ehf. frest til 30.11.2023 til að senda stofnuninni staðfestingu á að skilyrði um 95 listann sé uppfyllt fyrir virka efnið Pólý(imínókarbonimídóyl-ímínókarbonimídóylimíno-1,6 hexandíyl), hýdróklóríð (CAS nr. 32289-58-0 eða 27083-27-8).**

**Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málsnúmerinu UST202209-237.**

**Fyrirliggjandi vörubirgðir skulu endurmerktar með uppfærðum merkimiða sem staðfestur hefur verið af stofnuninni.**

Umhverfisstofnun veitir Mosey ehf. hér með frest til 16.11.2023 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 16.11.2023.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 206/2023 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 38 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um sæfivörur má finna á [vefsíðu Umhverfisstofnunnar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið [hafdis.i.ingvarsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:hafdis.i.ingvarsdottir@umhverfisstofnun.is) til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir,  
**sérfræðingur**

Helga Ösp Jónsdóttir,  
**sérfræðingur**